

Málsnúmer: 2602001

Móttakið: 1.2.2026

Styrkumsókn - Menningar- og ferðamál

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda

Inga Hlín Valdimarsdóttir

Kennitala

1403823379

Heimilisfang

Hólum 17

Póstnúmer

450

Staður

Patreksfjörður

Netfang

ingahlin@gmail.com

Símanúmer

6942703

Ef sótt er um fyrir félagasamtök/fyriræki tilgreinið nafn og kennitölu þess

Kvenfélagið Sif. Kennitala: 5602696259

Samstarfsaðilar

Heiti verkefnis

Þorablót Kvenfélagsins Sifjar

Lýsing verkefnis eða viðburðar

Þann 24. janúar 2026 fór fram 74. þorablót Kvenfélagsins Sifjar í Félagsheimili Patreksfjarðar. Þar var boðið uppá heimatilbúinn þorramat að hætti kvenfélagskvenna og skemmtiatriði sem mikill metnaður var lagður í að venju.

Lagt var upp með að bjóða uppá hágæða skemmtun og fengum við Stefán Jón Pétursson rafvirkja hjá Eyfaraf til að sjá um ljós og hljóð og fengum hljómsveitina Glæstar Vonir frá Bíldudal til að leika fyrir dansi að skemmtiatriðum loknum.

Kostnaður fyrir aðkeypta þjónustu á þorablótinu hefur aukist seinustu ár og þar sem þetta er stærsti viðburðurinn í fjáröflun Kvenfélagsins þá er mikilvægt að blótið skili hagnaði. Við sækjum því um styrk til að mæta kostnaði við tónlistarflutning, ljós og hljóð.

Samfélagslegt gildi verkefnis eða viðburðar

Þorablótið á Patreksfirði er fyrir löngu orðinn einn af stærstu viðburðum ársins í þorpinu okkar. Það er vettvangur fyrir þorpsbúa að koma saman og gleðjast í svartasta skammdeginu og einng koma gjarnan brottfluttir "heim" við þetta tækifæri og fólk úr nærliggjandi þorpum. Kvenfélagskonur leggja mikinn metnað í að útbúa matinn frá grunni og viðhalda þar með þeirri verkunnáttu og menningararfi sem þorablótin eru.

Þorablótið er líka mikilvægt í samfélaginu sem stærsti viðburðurinn í fjáröflun, en Kvenfélagið Sif veitir árlega styrki til góðra verka í samfélaginu á Patreksfirði og skiptir það því miklu máli að öllum kostnaði við blótið sé haldið í lágmarki.

Áætlaður kostnaður og hvernig tilkominn

Kostnað við húsnæði og aðkeypta þjónustu og aðföng greiðir kvenfélagið og gengur sala aðgöngumiða upp í þann kostnað. Við sækjum um styrk til að mæta kostnaði á hljómsveit og hljóðmanni.

Hljómsveit: 400.000kr.

Hljóðmaður 100.000kr.
Samtals: 500.000kr.

Áætlaðar tekjur og hvernig tilkomnar

Umbeðin styrkupp hæð

150.000

Fylgigögn

Um umsóknina

Staðfestingarnúmer: 1083 **Staðfestingarmáti:** Rafræn skilríki í farsíma **Dagsetning:** 1.2.2026 20:31:57